

Nd. 262. Frumvarp til laga [140. mál]

um breyting á lögum nr. 51 frá 16. maí 1974, um gatnagerðargjöld.

Frá félagsmálanefnd.

1. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Gjald skv. 3. gr. má innheimta af öllum fasteignum við þær götur, sem bundið slitlag hefur verið sett á og þar sem gangstéttir hafa verið lagðar. Má gjaldið nema allt að áætluðum meðalkostnaði við þessar framkvæmdir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Hinn 16. maí s.l. voru staðfest lög um gatnagerðargjöld, nr. 51/1974. 4. gr. laganna er svo hljóðandi: „Gjöld skv. 3. gr. má innheimta af öllum fasteignum við þær götur, sem bundið slitlag er sett á og þar sem gangstéttir eru lagðar. Má gjaldið nema allt að áætluðum meðalkostnaði við þessar framkvæmdir.“

Þegar fyrstu samþykktir á grundvelli laga þessara hárust félagsmálaráðuneytinu til staðfestingar, taldi ráðuneytið það orka tvímælis, hvort orðun 4. gr. laganna heimilaði innheimtu gjalda skv. 3. gr. vegna framkvæmda við bundið slitlag á götur og gangstéttir, sem þegar höfðu verið lagðar fyrir gildistöku laganna. Er frv. þetta flutt til að taka af öll tvímæli í þessu efni.

Það er álit margra sveitarstjórna, að heimild til álagningar sérstaks gjalds skv. 3. gr. laganna komi ekki nema að takmörkuðu gagni, nema unnt verði að leggja slík gjöld á fasteignir við götur, þar sem búið er að setja bundið slitlag á.

Félagsmálanefnd flytur frumvarp þetta að heiðni stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga. Einstakir nefndarmenn áskilja sér þó rétt til að fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma, eða flytja breytingartillögur.